



ÍSLENSK MÁLNEFND

Alþingi  
Erindi nr. P 120/229  
komudagur 29/11 1995

Reykjavík 28. nóvember 1995

Allsherjarnefnd Alþingis  
Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður  
Þórshamri við Templarasund  
150 Reykjavík

Þessu bréfi fylgir umsögn Íslenskrar málnefndar um frumvarp til laga um mannanöfn, 73. mál, sbr. bréf allsherjarnefndar, dags. 7. þ.m.

Einnig fylgir þessu bréfi ljósrit úr Málfreqnum 8 (4. árg. 2. tbl.), bls. 15-25, þar sem birt er umsögn Íslenskrar málnefndar frá 1990 um það frumvarp til laga um mannanöfn sem varð að nügildandi lögum nr. 37/1991.

Með vinsemd og virðingu  
f.h. Íslenskrar málnefndar

*Baldur Jónsson*

Baldur Jónsson

Aragötu 9, ÍS -101 Reykjavík  
Símar (91) 28530, (91) 622699, (91) 694300  
Nnr. 4832-3294  
Kennitala 460876-0449

Banki: Landsbanki Íslands, Vesturbæjarútibú, reikningur 3027, pósthólfur 62269-9



ÍSLENSK MÁLNEFND

## Umsögn

### um frumvarp til laga um mannanöfn

Íslenskri málnefnd hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um mannanöfn, lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995 (73. mál). Hér er um að ræða efnislega óbreytt frumvarp frá 118. löggjafarþingi, sem ekki varð útrætt. Þetta frumvarp var sent Íslenskri málnefnd til umsagnar í febrúar 1995 og er vísað til svarbréfs Íslenskrar málnefndar til allsherjarnefndar, dags. 15. febrúar 1995. Auk þess er vísað til umsagnar Íslenskrar málnefndar frá 23. nóvember 1990 um frumvarp til núgildandi mannanafnalaga (birtist í *Málfregnum*, 4. árg. 2. tbl. 1990, bls. 15-25; ljósrit fylgir).

Eins og kunnugt er leystu núgildandi lög, nr. 37/1991, af hólmi eldri lög sem gilt höfðu frá 1925. Þessi eldri lög höfðu lengi verið talin úrelt og áttu lögin frá 1991 að bæta úr. Það tókst þó ekki betur til en svo að nú, fjórum árum síðar, er talin ástæða til að gera bragarbót. Þrívægis áður hafði verið gerð tilraun til að breyta mannanafnalögum, með stjórnarfrumvörpum 1955 og 1971 og þingmannsfrumvarpi Finns Torfa Stefánssonar 1981. Þessi langa saga tilrauna til að setja lög um mannanöfn sýnir, að hér er á ferðinni mjög vandmeðfarið mál.

### Fyrri athugasemdir Íslenskrar málnefndar.

Í umsögn um frumvarpið frá 1990 (sem varð að lögum 1991) tók Íslensk málnefnd undir með þeim sem töldu að þörf væri breytinga frá löggjöfinni 1925, en jafnframt var tekið fram að vanda þyrfti undirbúning að nýrri löggjöf sem frekast væri kostur. Enn leggur Íslensk málnefnd til að ekki verði rasað um ráð fram og vonast til þess að athugasemdir hennar verði teknar til vandlegrri athugunar en í hið fyrra sinn. Ef til vill er ráðlegast að fresta gagnangerum breytingum á löggjöfinni í nokkur ár, bæði til þess að undirbúningurinn undir nýja löggjöf verði vandaðri og til þess að meiri reynsla fái af núgildandi lögum og betra ráðrúm til að meta þá annmarka sem á þeim eru. Málnefndin leggur þó áherslu á að breytt verði nú þegar ákvæðum um tilnefningu í mannanafnanefnd, eins og betur mun rökstutt hér á eftir. Þetta mætti gera með því að gera á þessu þingi tilteknar lágmarksbreytingar á lögnum en samþykkja jafnframt að endurskoða lögin að svo sem fimm árum liðnum.

Megintillögur málnefndarinnar í álitinu frá 1990 voru í fjórum liðum.

Í fyrsta lagi var bent á að **skilja mætti milli lagasetningar um mannanafnaskrá og mannanafnanefnd annars vegar og reglna eða löggjafar um**



**nafngiftir hins vegar.** Mannanafnanefnd yrði falið að undirbúa mannanafnaskrá, sem væri eins konar úttekt til undirbúnings sjálfra reglnanna um mannanöfn. Nauðsynlegt var talið að hafa sem gleggsta mynd af þeim nafnaforða sem er í notkun. Eins var talið nauðsynlegt að vita hversu mörg ættarnöfn (lögleg eða ólögleg) væru í notkun og hvers eðlis þau væru. Einnig var talið að rannsaka þyrfti hver þróunin hefði verið og hver væri líklegt að hún yrði og hverju væri talið líklegt að löggjöf myndi breyta, t.a.m. miðað við það að lögin frá 1925 höfðu verið þverbrotin í áratugi.

Lagt var til að **Íslensk málnefnd tilnefndi einn fulltrúa í mannanafnanefnd.** Þetta verður að teljast eðlilegt og mun eðlilegra en að heimspekideild Háskóla Íslands tilnefni tvo fulltrúa eins og nú er og kveðið er á um í því frumvarpi sem hér er til umsagnar. Eins og rækilega er sýnt í umsögn málnefndarinnar frá 1990 er þetta ákvæði alger tímaskekkja. Ákvæðið má rekja allt aftur til frumvarps frá árinu 1955, en þá voru flestir kennarar heimspekideildar sérfróðir um íslensk fræði. Langt er frá því að svo sé nú. Af þeim 80 sem rétt eiga til setu á deildarfundum heimspekideildar eru einungis 16 íslenskukennarar (21 sé íslenska fyrir erlenda stúdenta talin með) og í deildinni eru einungis 10 sem teljast mega sérfróðir um íslenska málfræði. Þessu til viðbótar má benda á að fram hafa komið hugmyndir um að kljúfa heimspekideild í smærri deildir, og meðal þess sem þar er talið koma til greina er að stofnuð verði sérstök íslenskudeild, aðskilin frá heimspekideild. Ef af því yrði ætti enginn íslenskumaður sæti í heimspekideild.

Íslensk málnefnd á skv. lögum nr. 2/1990 að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni íslenskrar tungu, og nafngiftir og nafnasiðir eru snar þáttur í málhefðinni. Það er því ófært annað en samræmi sé með þeirri stefnu sem Íslensk málnefnd fylgir og þeirri sem mannanafnanefnd fylgir. Þetta er tryggt með því að Íslensk málnefnd tilnefni fulltrúa í mannanafnanefnd. Þessi tillaga er hér með áréttuð og leggur nefndin mikla áherslu á að eftir henni verði farið. (Um frekari röksemdir þessu til stuðnings má vísa til umsagnar málnefndar frá 1990, sjá *Málfregdir* 4:2, bls. 16-17.)

Önnur meginathugasemd Íslenskrar málnefndar við frumvarpið frá 1990 var að reynt yrði að **tryggja öllum jafnan rétt gagnvart kenninöfnum.** Í gildandi lögum er þessa ekki gætt, því að sumum leyfist að nota ættarnöfn en öðrum ekki. Ólíklegt verður að telja að fullkomin sátt ríki um mannanöfn meðan svo er. Á þessu vandamáli er ekki tekið í hinu nýja frumvarpi. Í 8. gr. er ákvæði um að óheimilt sé að taka upp ný ættarnöfn hér á landi, en hins vegar er þeim sem nú bera ættarnöfn heimilt að bera þau áfram, og sama gildir um niðja þeirra, jafnt í kvenlegg sem karlegg. Að þessu atriði verður nánar vikið hér á eftir.

Þriðja megin tillagan í umsögn málnefndar frá 1990 var að **föðurnafnasiðurinn íslenski verði verndaður með lögum, þannig að öllum verði skylt að kenna sig við föður eða móður.** Þetta er grundvallaratriði sem málnefndin vill ítreka. Að sjálfsögðu felst ekki í því að þeir sem nú bera ættarnöfn þurfi að leggja



þau niður. Í fyrsta lagi má setja inn ákvæði um aðlögunartíma, þannig að ákvæði um skyldu til þess kenna sig við föður eða móður taki gildi að einhverjum tíma liðnum. Auk þess mega það teljast sjálfsögð mannréttindi að núlifandi menn verði ekki neyddir til að breyta nafni sínu.

Fjórtða tillaga málnefndar í áðurnefndri umsögn var að **gerð yrði skrá yfir ættarnöfn í notkun (skv. þjóðskrá) áður en löggjafinn tekur endanlega ákvörðun um afdrif ættarnafna**. Þetta var talin nauðsynleg forsenda þess að taka skynsamlega á þeim málum.

### Um kenninöfn og millinöfn.

Frá sjónarmiði íslenskrar tungu og íslenskrar málræktar verður að telja að varðveisla föður- og móðurnafnasiðarins sé mikilvægasta hagsmunamálið. Að svo miklu leyti sem það skaðar ekki aðra hagsmuni, svo sem tilfinningar sem einstaklingar binda við nöfn sín, hlýtur löggjafinn að leitast við að gæta þessara almennu hagsmuna. Þetta er einnig sjónarmið nefndarinnar sem samdi frumvarpið, en þar segir (bls. 9):

Sumir nafnsiðir eru ... þess eðlis að þeir snerta ekki síður veigamikla hagsmuni samfélagsins en einkahagi manna og er réttur löggjafans til afskipta af þeim því meiri en ella.

Tekið er fram að þetta eigi einkum við um íslenska kenninafnasiðinn, en hann er sem kunnugt er frá fornu fari sá að kenna börn við föður (í einstökum tilvikum við móður). Á sömu bls. segir í greinargerð með frumvarpinu að meðal markmiða með samningu þess hafi verið: "Að stuðla að því að ættarnöfn verði fremur notuð sem millinöfn en sem kenninöfn". Til samræmis við þetta er í frumvarpinu sérstök grein sem fjallar um millinöfn. Það kemur berlega fram í greinargerð, að nefndin sem samdi frumvarpið vildi breyta stöðu ættarnafna og skylda alla til að bera föður- eða móðurnafn, en heimila að ættarnöfn yrðu tekin upp sem millinöfn. Frá þessu segir á bls. 22. í greinargerðinni. En á þeirri sömu blaðsíðu stendur athugasemd sem vekur furðu. Þar segir:

Í starfi sínu varð nefndin þess ... áskynja að víða væri hörð andstaða gegn því að nokkuð yrði hróflað við ættarnöfnum. Hefur nefndin því ekki talið raunhæft að halda þessari tillögu til streitu. Nefndin telur þó enn að þessi millinafnaleið sé besta leiðin út úr þeim ógöngum sem kenninafnakerfið íslenska hefur ratað í.

Margt gott er um röksemdafærslu nefndarinnar að segja þar sem hún fjallar um ættarnöfnin. Meðal annars er á bls. 19 og áfram fróðleg samantekt um notkun ættarnafna. Þær tölur sem þar koma fram um fjölda ættarnafna og fjölda þeirra sem þau



bera eru athyglisverðar, og ekki síður form nafnanna. (Hér má segja að sé a.m.k. að hluta svarað þeirri þörf sem bjó að baki tillögu Íslenskrar málnefndar að gerð yrði skrá um ættarnöfn í notkun skv. þjóðskrá.) Þær staðreyndir sem tíundaðar eru í greinargerðinni með frumvarpinu hljóta að vekja ugg um að smátt og smátt muni hinn íslenski kenninafnasiður víkja fyrir ættarnöfnum. Þar kemur m.a. fram að upptaka ættarnafns samkvæmt heimildarákvæðum gildandi mannanafnalaga er mun algengari en niðurfelling ættarnafns. Á tæpum þremur árum tóku 635 einstaklingar upp ættarnafn, en á sama tíma felldi 71 niður notkun ættarnafns. Þrátt fyrir augljósa annmarka telja frumvarpshöfundar sér þó ekki fært annað en að leggja til að ákvæði gildandi laga um kenninöfn haldist óbreytt, en ítreka jafnframt að þessi niðurstaða kunni "að leiða til þess að Íslendingar muni innan fárra áratuga fyrst og fremst bera kenninöfn sem eru útlend ættarnöfn".

Ljóst er að frumvarp það sem hér er til umsagnar mun óbreytt ekki bjarga kenninafnakerfinu úr þeim ógöngum sem það er komið í að mati frumvarpshöfunda. Þess vegna sætir í rauninni furðu að það skuli flutt sem stjórnarfrumvarp, nema það sé stefna ríkisstjórnarinnar að láta það afskiptalaust að íslenskur kenninafnasiður líði undir lok.

Upphafleg hugmynd frumvarpshöfunda var hins vegar önnur, eins og fram hefur komið. Á bls. 22 í greinargerð segir að það orðalag sem nefndin hafi haft í huga hafi verið nokkurn veginn svona: "hver maður skal kenna sig til föður eða móður ... Maður sem ber ættarnafn má þó bera það áfram en það gengur ekki til niðja hans." Gert var ráð fyrir að niðjar þeirra sem nú bera ættarnöfn mættu bera þau sem millinöfn. Þessi hugmynd er athyglisverð og Íslensk málnefnd leggur til að hún verði könnuð vandlega ef vera kynni að hún gæti leitt löggjafann út úr þeim ógöngum sem hann virðist kominn í með málefni mannanafna. Það veltur þó á miklu hvernig að þessu verður staðið.

Rétt er að staldra við tillögu um millinöfn. Þetta hugtak er framandi í íslenskri málhefð, og raunar má segja að með tilkomu þess, ef af yrði, væri kominn nýr orðflokkur í íslenska tungu, og myndi það sæta nokkrum tíðindum í málsögunni. Þetta má þó ekki mikla fyrir sér. Ættarnöfnin sem fyrir eru hafa sömu annmarka og eru framandi íslensku málkerfi. Hér nægir að nefna það að oft er vafamál hvernig þau beygjast, hvers kyns þau eru o.s.frv. Ekki er ljóst hvort þau sambeygjast með eiginöfnum sem þau mynda nafnliði með. Stundum eru þau beygð í eignarfalli þegar þau standa með karlmannsnöfnum, þannig að sagt er t.a.m. *Sigfúsar Blöndals* og *Blöndalsorðabók*. Hins vegar kinoka menn sér við að sambeygja ættarnöfn þegar um er að ræða kvenmannsnafn eins og *Björg*. Eignarfall eins og *Bjargar Blöndals* virðist óhugsandi, hvað þá *Bjargar Thorlákssonar Blöndals* (sjá einnig *Málfregnir* 4:2, bls. 19-20). Með millinöfnum er ekki verið að búa til nýjan vanda, ef þau eru látin taka við af ættarnöfnunum og látin lúta sömu lögmálum (ef lögmál skyldi kalla)



og ættarnöfnin gera nú. En séu hins vegar leyfð bæði millinöfn og ættarnöfn er vandinn í vissum skilningi tvöfaldaður.

Margt bendir því til að það sé skásta leiðin út úr þeim vanda sem við blasir að stefna að því að ættarnöfn leggist af, en í staðinn komi millinöfn, og að eftir tiltekinn tíma verði skylt að kenna öll börn við föður eða móður.

Verði þessi kostur valinn er auðsætt að mannanafnanefnd verði falið að semja skrá um leyfileg millinöfn, eins og lagt er til í 22. gr. frumvarpsins, jafnframt því sem hún skal semja skrá um leyfileg eiginnöfn.

Verði farin sú leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir í núverandi mynd, er hins vegar verið að bæta gráu ofan á svart, því að þá sitja menn uppi með bæði ættarnöfn og millinöfn sem vandræðagripri í íslensku málkerfi.

### **Tillögur málnefndar.**

Að lokum skulu hér dregnar saman í stuttu máli tillögur og ábendingar þær sem Íslensk málnefnd vill koma á framfæri:

1. Beðið verði með grundvallarbreytingar á gildandi lögum en þó verði þegar í stað gerð sú breyting að Íslensk málnefnd tilnefni fulltrúa og varafulltrúa í mannanafnanefnd. Á þetta leggur málnefndin þunga áherslu.
2. Við síðari endurskoðun laganna verði öllum gert skylt að kenna sig við föður eða móður. Þó verði enginn maður þvingaður til að breyta nafni sínu.
3. Millinöfn verði leyfð, en mannanafnanefnd gefið umboð til aðhalds í þeim efnum og falið að semja sérstaka skrá um þau á sama hátt og um eiginnöfn.

Reykjavík 28. nóv. 1995

Kristján Arnason  
formaður Íslenskrar málnefndar



# Málfregnir

---

4. árg. 2. tbl. Desember 1990

## Efni

- 2 Háskóli Íslands vill íslensk fræðiorð  
5 *Kristján Arnason*. Íslensk málrækt  
á því herrans ári 1990  
15 Um frumvarp til laga um mannanöfn  
26 *Ari Páll Kristinsson*. Skvass eða squash.  
Nýyrði eða slettur  
29 Ritfregnir  
31 Mysla







## Um frumvarp til laga um mannanöfn

*Frumvarpið, sem hér um ræðir, var lagt fram á Alþingi í vor, en var þá lítið rætt og því endurflutt í haust. Það er nú til meðferðar á 113. löggjafarþingi 1990. Hér fer á eftir unsögn Íslenskrar málnefndar um frumvarpið, tekin saman að beiðni menntamálanefndar efri deildar Alþingis. – Ritstj.*

Fyrir löngu er orðið tímabært að setja ný lög um mannanöfn á Íslandi og leysa af hólmum lög nr. 54/1925. Þau eru löngu úrelt, enda margsinnis sniðgengin og brotlin svo að meðferð mannanafna er í ógöngum, þjóðinni til vansæmdar og tjóns. Því ber að fagna að stjórnvöld skuli nú sýna viðleitni til að bæta þar úr með því lagafrumvarpi sem hér er til athugunar.

Prívegis áður hafa verið lögð fram á Alþingi frumvörp sem ætlað var að bæta úr þeim annmörkum sem reynst hafa á mannanafnalögum frá 1925: stjórnarfrumvarp um ný lög 1955 og 1971 og þingmannsfrumvarp um breytingu á lögum 1981. Mikil og vönduð vinna var lögð í undirbúning stjórnarfrumvarpanna beggja. Þó fór svo í bæði skiptin að þau vöktu engar teljandi umræður á Alþingi. Hið fyrra var rætt lítillega en dagadi svo uppi. Hinu síðara var vísað til ríkisstjórnarinnar án raunverulegrar umræðu á deildarfundum. Þingmannsfrumvarpið 1981 gaf ekki tilefni til mikillar þingvinnu. Íslensk mannanafnalöggjöf hefir því harla lítið verið rædd á Alþingi í 65 ár. Viðkvæmni vegna ákvæða um ættaröfn hefir valdið mestu um aðgerðarleysi löggjafans (sbr. *Íslenzka málrækt* (1971) eftir Halldór Halldórsson, bls. 166).

Fjögurra manna nefnd samdi það stjórnarfrumvarp sem nú er til meðferðar. Í erindisbréfi var nefndinni falið að endurskoða stjórnarfrumvarpið frá 1971, enda hafði þingið á sínum tíma vísað því til ríkisstjórnar. Þetta frumvarp er því að miklu leyti unnið upp úr stjórnarfrumvarpinu frá 1971 og ber merki þess. En það er líka frábrugðið í veigamiklum atriðum eins og fram kemur í athugasemdum við það (bls. 9), og munar þar mest um afstöðuna til ættarnafna. Stjórnarfrumvarpið 1971 leyfði upptöku nýrra ættarnafna, en í þessu frumvarpi er horfið frá því. Hér stöndum við enn einu sinni frammi fyrir þessu viðkvæma álitamáli.

Eins og nærri má geta er á margt að líta þegar setja skal lög um mannanöfn, og svo er þá einnig um einstök atriði þessa frumvarps. Hér verður að nægja að grípa á þeim sem Íslensk málnefnd telur mikilsverðust. Fyrst verður fjallað um ákvæði sem lúta að eiginöfnum, síðan um þann vanda sem fylgir kenninöfnum, og rætt um leiðir út úr honum. Þá koma fáeinar athugasemdir um einstakar greinar, og loks verður dregið saman í stuttu máli hið helsta sem Íslensk málnefnd leggur áherslu á nú.

# I. Ákvæði um eiginnöfn

## Mannanafnaskrá

Ákvæði um samningu mannanafnaskrár er þarfasta og brúnasta nýmæli þessa frumvarps. Það er sótt í stjórnarfrumvarpið 1971 og þangað komið úr frumvarpinu 1955 eins og fleira. Illt er til þess að vita að stofnun mannanafnaskrár skuli nú hafa tafist í 35 ár vegna ágreinings um ættarnöfn. Þessi tvö mál mega heita óháð hvort öðru. Þörfin fyrir eiginnafnaskrána er svo brún að vel kæmi til greina að setja um hana sérstök lög. Það er a.m.k. betra en bíða endalaust eftir samkomulagi um afstöðu til ættarnafna. Alþingi ætti að hyggja vandlega að þessu, áður en það gefst upp við frumvarpið í heild sinni, og gera það að metnaðarmáli að stofna mannanafnaskrá með löggjöf áður en þingtími er úti í vor, hvað sem ættarnöfnum líður.

Af athugasemdum við frumvarpið má sjá hvílíkt þarfabing mannanafnaskráin er. Hún er undirstaða þess að unnt sé að varðveita og rækta íslenskan mannanafnaforða af skynsamlegu viti og ná góðu valdi á skráningu nafna í þjóðskrá.

Hér er verið að tala um skrá yfir eiginnöfn. Sum nöfn eru til í mörgum tilbrigðum (t.d. *Theodór, Theódor, Theódór, Teódór* o.s.frv.) til mikils бага fyrir nafnbera í samskiptum þeirra við fólk og stofnanir og til mæðu fyrir alla sem starfa við þjóðskrá og aðra opinbera skráningu nafna. Mannanafnaskrá ætti, þegar frá líður, að stuðla að samræmingu og festu í rithætti eiginnafna.

Þetta leiðir hugann að öðru atriði, sem ekki er minnst á í þessu frumvarpi. Það er beyging mannanafna. Hún hefir reynst mörgum erfið þraut, og í því efni eru líka ýmis tilbrigði á ferðinni. Því kemur mjög til álíta að segja til um beygingu hvers nafns á hinn opinberu

mannanafnaskrá. Oft er leitað til Íslenskrar málstöðvar og spurst fyrir um beygingu nafna. Telja má víst að margir yrðu fegnir ef til væri opinber skrá sem út yrði gefin reglulega og svaraði slíkum spurningum. Sú ráðstöfun myndi stuðla að festu og eyða óvissu.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins ber að gera ótvíræðan greinarmum á karlmannsnafni og kvenmannsnafni, og er gott eitt um það að segja. En fyrir gæti komið að karlmannsnafn og kvenmannsnafn væru nákvæmlega eins í nefnifalli (sbr. nafnið *Audr* í fornu máli), en auðvitað mismunandi í beygingu. Bæði nöfnin ættu því að vera leyfileg (ef þau standast aðrar kröfur), en beygingu væri gott að hafa með á skránni.

## Mannanafnanefnd

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að stofnuð verði sérstök mannanafnanefnd til þess m.a. að semja hina nauðsynlegu mannanafnaskrá, og er III. kafli þess um hana. Þessi hugmynd er líka tekin úr stjórnarfrumvarpinu 1971 og þangað komin úr frumvarpinu 1955, en ákvæði um tilnefningu varamanna var þá bætt við. Hún er því komin til ára sinna, og margt hefir breyst síðan 1955.

Í 4. gr. gildandi laga nr. 54/1925 er svo á kveðið að ágreiningi, sem rísa kann um skírnar- eða eiginnafn, skuli skjóta til heimspekideildar Háskólans. Þetta var eðlilegt á þeim tíma. Háskóli Íslands var aðeins 14 ára þegar lögin voru sett. Próffessorar heimspekideildar höfðu þá einir atkvæðisrétt í deildinni, og þeir voru þrír, allir ágætir íslenskumenn: Ágúst H. Bjarnason, Páll Eggert Ólason og Sigurður Nordal.

Þrjátíu árum síðar hafði heimspekideild Háskólans enn á að skipa ágætum

kennurum í íslenskum fræðum, en þá þótti frumvarpshöfundum æskilegt að stofna sérstaka þriggja manna nefnd til að sinna málefnum mannanafna og skera úr ágreiningi. Í henni skyldu eiga sæti tveir kennarar heimspekideildar og einn kennari í lögfræði í Háskóla Íslands, skv. 21. gr. frumvarpsins (Alþt. 1955 A, 432). Þetta var eðlileg tillaga á þessum tíma, mörgum árum áður en Íslensk málnefnd var stofnuð (1964), og jafnvel ekki fráleitt að taka hana óbreytta í stjórnarfrumvarpið 1971 (28. gr.) þegar málnefndin var enn eins og óskrifað blað. Hins vegar á ekki við nú að halda þessum ákvæðum efnislega óbreyttum eins og gert er ráð fyrir í 17. gr. hins nýja frumvarps og stofna til slíkrar nefndar án nokkurra tengsla við Íslenska málnefnd.

Undanfarin 10 ár hefir málnefndin verið stórefld, fyrst stækkuð úr þriggja í fimm manna nefnd og er nú orðin 15 manna nefnd með fimm manna stjórn frá 1. janúar 1990. Með löggjöfinni um málnefndina 1984, ásamt stofnun Íslenskrar málstöðvar, og með stækkun nefndarinnar í fyrra var löggjafinn í rauninni að leggja áherslu á málpólitískt vægi Íslenskrar málnefndar og viðtækt verksvið hennar. Hún er sú stofnun í landinu sem á að hafa heildartök á öllum þáttum íslenskrar málræktar. Þannig er nokkur trygging fyrir því að samræmdri stefnu sé fylgt í málpólitískum eignum, en

lítil hætta á árekstrum milli nefnda eða stofnana sem gætu verið að togast á um einstök málefni.

Í bréfi, sem formaður Íslenskrar málnefndar, Kristján Árnason dósent, skrifaði menntamálanefnd neðri deildar Alþingis 25. apríl sl., segir svo m.a.:

Ég er samþykkur hugmyndinni um þessa nefnd [þ.e. mannanafnanefnd], en hins vegar er augljóst, að starf hennar tengist að einhverju leyti starfi Íslenskrar málnefndar, t.a.m. hvað varðar álitamál um hluti eins og ritun nafna. Málnefndin hefur í hyggju að koma á fót sérstakri stafsetningar- og tökuorðanefnd, sem fjalli um stafsetningu, þ. á m. stafsetningu tökuorða, og væri ófært ef ósamræmi kæmi upp milli starfa hennar annars vegar og mannanafnanefndar hins vegar.

Íslensk málnefnd er hlynnt því að stofnuð verði sérstök mannanafnanefnd, en hún telur ákvæði 17. gr. um tilnefningu í nefndina úrelt. Hér má benda á ákvæði í 2. gr. laga um Íslenska málnefnd um að nefndin hafi samvinnu við þá sem fást við mannanöfn. Eðlilegt væri því að málnefndin tilnefndi einn – og sama gilti um varamenn. Það ætti að tryggja nauðsynleg tengsl. Þá er óæskilegt að mannanafnanefnd úrskurði um beygingu mannanafna (sbr. 3. tölul. 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins) án samráðs eða samvinnu við Íslenska málstöð. Að öðru leyti skal vísuð til orða formanns hér á undan.

## II. Um kenninöfn

### Tveir nafnsiðir

Allt frá upphafi Íslandsbyggðar hefir verið siður að kenna sig við föður (eða móður). Það er eitt af þjóðareinkennum Íslendinga. Ættarnöfn komu ekki til sögunnar fyrr en á 17. öld og þá að erlendri fyrirmynd. Hinn nýi siður fór ekki að tíðkast að neinu ráði fyrr en eftir miðja

18. öld og jafnvel síðar. Þótt andæft hafi verið gegn notkun ættarnafna, m.a.s. í gildandi mannanafnalögum nr. 54/1925, hefir hann náð að festa sig svo í sessi að nú eru tveir nafngiftarsiðir tíðkaðir í landinu og allmörg ættarnöfn m.a.s. lögvernduð.

Ýmsir áhrifamenn í þjóðlífinu hófu

pennan sið, svo að það hefir löngum þótt heldur fyrirmannlegt á Íslandi að bera ættarnafn. Slík nöfn urðu tákn forréttinda og þess vegna ögrandi, eins og fram kemur í lögum nr. 54/1925. Samkvæmt þeim mega þeir sem þá höfðu löglega fengið ættarnafn halda því og niðjar sumra þeirra en ekki allra. Og enginn mátti taka sér ættarnafn eftir gildistöku laganna. Eigi að síður hefir ættarnöfnum stórfjölgað án nokkurrar rekistefnu af hálfu stjórnvalda. Ólögleg ættarnöfn skipta nú hundruðum ef ekki þúsundum (sjá næstu grein).

Til þess að auðvelda umræðuna hér á eftir verður talað um *föðurnafnasið* og *ættarnafnasið*, þó að fyrri heitið sé ekki nákvæmt.

### Afstaða til nafnsíða

Föðurnafnasiðurinn hefir ætíð verið ríkjandi. Þó að ættarnöfn kæmust í tísku um skeið vildu fáir ganga svo langt að banna mönnum beinlínis að kenna sig við föður eða móður. Slík afstaða var a. m. k. sjaldan látin uppi í umræðum. Grein Guðmundar Kambans, „Ættarnöfn“, í *Skírni* 1908 (bls. 164–177) má þó líklega túlka á þann veg.

Í afstöðu til ættarnafna hafa Íslendingar annars verið tvístífgandi. Það kemur glögglega fram í „fylgiskjali I“ með stjórnarfrumvarpinu 1971, þar sem birt er rækileg greinargerð um íslenska mannanafnalöggjöf (Alþt. 1971 A, bls. 279–285) og um ættarnöfn sérstaklega (sama rit, bls. 278–279). Löggjafinn sló úr og í 1913 og 1925, og það hefir einnig verið gert í stjórnarfrumvörpunum 1955, 1971 og 1990.

Í frumvarpinu 1955 er heimilað að taka upp ný ættarnöfn, þótt tveir höfundar af fjórum hefðu sérstöðu í málinu, og annar þeirra, Alexander Jóhannesson, vildi m. a. s. banna ættarnöfn. Í frumvarpinu 1971 var í meginatriðum fylgt stefnunni frá 1955 og enginn ágrein-

ingur um það í nefndinni sem undirbjó frumvarpið. Nú, 1990, á aftur að fylgja svipaðri stefnu og þeirri sem í gildi er frá 1925, þ. e. leyfa þau ættarnöfn sem komin eru í notkun, en banna upptöku nýrra nafna. Einn þeirra fjögurra, sem að þessu frumvarpi unnu, vill þó fara þá leið sem mörkuð var 1971, enda einn af aðalhöfundum frumvarpsins þá.

Í athugasemdum við nýja frumvarpið segir (bls. 10):

Ólíkt því sem er í frumvarpinu frá 1971 er í þessu frumvarpi ekki gert ráð fyrir að heimilt verði að taka upp ný ættarnöfn. Hér gætir þeirrar skoðunar að æskilegt sé að varðveita hið gamla kenninafnakerfi og því sé ekki æskilegt að veita heimildir til upptöku nýrra ættarnafna. Þetta er og í samræmi við afgreiðslu Alþingis á frumvarpinu 1971. Einn nefndarmanna, Ármann Snævarr, tekur þó fram að hann hefði kosið að ganga lengra í þessum efnum og gera ráð fyrir að unnt væri að taka upp ný ættarnöfn með þeim hætti og þeirri gerð er greinir í II. kafla frumvarpsins 1971. Hann bendir í því sambandi á að ella fælist mismunun í því tvöfalda kerfi kenninafna sem gert er ráð fyrir í tillögum nefndarinnar. Að öðru leyti vísar hann til rækilegs rökstuðnings í greinargerð með frumvarpinu frá 1971.<sup>1</sup>

Engin skrá er til um ættarnöfn nú né tölu þeirra sem þau bera. Slíka skrá þyrfti þó að taka saman áður en tekin er endanleg afstaða til ættarnafna (sbr. athugasemdir við frv., bls. 7–8). En víst er að þeim hefir farið fjölgandi alla þessa öld, þótt reynt hafi verið að sporna við (sbr. Alþt. 1971 A, bls. 261). Í lögum nr. 54/1925 eru mismunandi ákvæði um ættarnöfn eftir aldri þeirra. Elstu nöfnin eru lögvernduð fyrir þá sem þau bera og niðja þeirra, en ættarnöfn, sem upp voru tekin á árunum 1915–1925, máttu ekki ganga lengra en til foreldra og þeirra barna sem fædd voru fyrir gildistöku laganna 23. september 1925. Eigi að síður ganga

<sup>1</sup> Þann rökstuðning er að finna í Alþt. 1971 A, bls. 260–262. Sjá einnig athugasemdir við frumvarpið, bls. 6–7.

þessi 300–400 nöfn óátalið í ættum eins og hin sérstaklega lögvernduðu ættarnöfn sem eldri voru (sjá Alþt. 1955 A, bls. 435–436). Samkvæmt 2. gr. þessara sömu laga, sem enn eru í gildi, mátti enginn taka sér ættarnafn eftir gildistöku þeirra. En 1955 taldi Alexander Jóhannesson að ættarnöfnum hefði stórfjölgað á þeim 30 árum sem lögin höfðu verið í gildi og áætlaði að þau væru þá orðin um 1100 (sjá Alþt. 1955 A, bls. 438–439).

Þó að afstaðan til ættarnafna sé mismunandi í mannanafnalögunum 1913 og 1925 og stjórnarfrumvörpunum 1955, 1971 og 1990 er öllum það sameiginlegt að gefast upp fyrir ættarnöfnum sem komin eru í notkun. Í öllum stjórnarfrumvörpunum er m.a.s. gefist upp fyrir þeim nöfnum sem ólöglega voru notuð eða upp tekin eftir 1925. Alexander Jóhannesson var jafnvel á sama máli um það atriði. Bann við þeim ættarnöfnum sem tíðkast virðist því óraunhæft, enda ekki lagt til í frumvarpinu.

### Ókostir ættarnafna

Nauðsynlegt er að reyna að átta sig á því hvað ættarnöfn hafa á móti sér og hvaða kosti þau kunna að hafa; einhverjir hljóta þeir að vera úr því að eftir þeim er sóst.

Lítum fyrst á ókostina. Ekki er víst að fram hafi komið nægilega skýrt hvaða annmarkar eru á ættarnöfnum, en tvennt hefir einkum verið nefnt:

1. Ættarnafnasiðurinn er aðfluttur og óþjóðlegur og brýtur í bága við þá íslensku hefð að kenna sig við föður (eða móður), en sá siður er þjóðareinkenni.

2. Ættarnöfn samrýmast illa íslensku málkerfi og eru jafnvel málsþillar.

Um fyrra atriðið er varla hægt að deila, en umsgagnir um hið síðara hafa ekki verið á eina lund, enda eru ættarnöfn af ólíkum toga. Sum eru erlend að uppruna og jafnvel stafsett með bókstöf-

um sem tíðkast ekki í íslenskum orðum (*Schiöth*, *Zoëga*). Sum eru afbökud íslensk nöfn, oftast færð í latneskan eða danskan búning (*Thorlacius* (af *Þorlákur*), *Finsen* (úr *Finnsson*)) eða einhvern veginn úr lagi færð (*Briem* (úr *Brjámslækur*), *Hafstað* (úr *Hafsteinsstaðir*)). Sum eru þolfallsmyndir nafna (*Hafstein*), önnur eins og afleiddar styttingar (*Breiðfjörð*) o.s.frv. Slík nöfn brjóta á einhvern hátt í bága við málkerfið íslenska, eins og brátt verður útskýrt betur. En svo eru til ættarnöfn sem hafa ekki slíka formgalla, og verður vikið að þeim síðar.

Meiri hluti nefndarinnar, sem undirbjó stjórnarfrumvarpið 1955, vildi leyfa ættarnöfn, en í 11. gr. er þess krafist að ættarnöfn skuli „vera íslensk og rétt að lögum íslenzkrar tungu“ (Alþt. 1955 A, bls. 430). Slík nöfn ættu þá að vera hugsanleg samkvæmt því, en ekki kemur fram hvers konar nöfn það eru. Sama sinnis voru þeir sem sömdu stjórnarfrumvarpið 1971. Samkvæmt 11. gr. þess skulu ættarnöfn „vera íslensk og í samræmi við íslenzkt málkerfi“ (Alþt. 1971 A, bls. 256). Ekki er útskýrt nánara hvað í því felst.

Alexander Jóhannesson prófessor, eini málfræðingurinn í nefndinni 1955, taldi flest íslensk ættarnöfn vera málsþjöll. Hann gerir sérstaka grein fyrir afstöðu sinni og segir m.a. (Alþt. 1955 A, bls. 439):

... Meginþorri allra íslenzkra ættarnafna sýnir, að þau eru engan veginn rétt að lögum íslenzkrar tungu, og ef svo fer fram, að mönnum skuli leyft að taka sér ættarnöfn, má ætla, að á nokkrum áratugum hverfi sá gamli og góði siður, er ríkt hefur í landinu í 1000 ár.

Flest íslenzk ættarnöfn eru málsþjöll og munu þau, er tímar líða, valda skemmdum á tungu vorri, t.d. á þann hátt, að tvö föll verði notuð í stað fjögurra, eins og þróunin hefur orðið í öðrum germönskum málum (nefnif., þolf. og þáguf. eins, eignarfall með s-endingu), eða jafnvel aðeins eitt. Má sjá þess

dæmi daglega í hverju íslenzku blaði og heyra í ríkisútvarpinu, að ættarnöfn eru beygingarlaus, einnig í eignarfalli, og er sýnt, hvert stefnir. Þau munu slæva tilfinning vandaðs máls og flýta fyrir margs konar mállytum. ...

Þrátt fyrir þetta leit Alexander Jóhannesson svo á, „að ekki sé hægt að hröflla við þeim ættarnöfnum, sem nú eru notuð, hvorki þeim, sem teljast mega lögleg, né þeim, sem eru brot á gildandi lögum“ (sama stað).

Hér mætti bæta við nokkrum athugasemdum um málfræði ættarnafna.

Eiginnöfn eru nafnorð (eins og flest einyrt nöfn), en því má velta fyrir sér hvort ættarnöfn séu nöfn í sama skilningi. Ekki verður betur séð en flest ættarnöfn vanti sum aðaleinkenni íslenskra nafnorða og mannanafna, og lýsingarorð eru þau ekki heldur. Þetta skal reynt að skýra betur.

Nafnorð eru kynbundin, þ.e. hvert nafnorð er karlkyns, kvenkyns eða hvorugkyns, en ættarnöfn eru kynlaus (nær undantekningarlaust). Það á jafnvel við þegar kynbundin nafnorð hafa verið gerð að ættarnöfnum. Til dæmis er örnefnið *Njarðvík* kvenkynsorð, en sem ættarnafn hefir það ekkert málfræðilegt kyn. Það gengur bæði með karlmanns- og kvenmannsnöfnum, fallbeygist þó ekki eins og örnefnið og kynbeygist ekki heldur eins og lýsingarorð.

Úr því að ættarnöfnin hafa yfirleitt ekki málfræðilegt kyn er ekki við því að búast að þau geti fallið inn í beygingarflokka íslenskra nafnorða (sem eru kynbundin). Og úr því að þau kynbeygjast ekki heldur eiga þau hvergi heima sem fallorð í íslensku beygingarkerfi.

Af þessu leiðir að enginn hefir getað gefið fullgilda reglu um fallbeygingu ættarnafna þótt oft hafi verið um það efni spurt.

Í álitum ættarnafnanefndarinnar 1915 er vikið að beygingu ættarnafna með þess-

um orðum (*Íslensk mannanöfn. Lög, nefndarálit og nafnaskrár*, bls. 13):

Um beygingu ættarnafna verður máltillfinning manna að skera úr. Það leiðir af sjálfu sér, að þau nöfn sem sett eru í þágufalli eða eignarfalli, verði ekki beygd. Að vorum dómi væri það lang-æskilegast, að ættarnöfn væru alveg óbeygjanleg. Þau eru það nú í daglegu máli, þegar talað er um konur. Enginn segir: til frú Laxdals, heldur til frú Laxdal. Hins vegar mundu menn segja: til herra Laxdals. Í þessu er ósamskipti, því að engin skynsamleg ástæða er til að beygja nafnið fremur, þótt það sé haft um karlmann.

Þeim, sem óttast að af því leiði málsþvingu, að hafa heilan hóp orða óbeygjanlegan, má benda á það, að í málinu er til fjöldi óbeygjanlegra nafnorða, sem engan óskunda hafa gert og hver maður kann að nota. Hins vegar er það kunnugt, að nöfn fylgja nokkuð öðrum lögum en önnur orð málsins og verða síður til fordæmis um beygingar, en sameigin nafnorð, og var réttilega bent á það (af Jóni Ólafssyni) við meðferð þessa máls á þinginu. (Sjá *Alþ.tíð.* 1913 C. 1915.)

Sitthvað má um þessi ummæli segja (t.d. um fjölda óbeygjanlegra nafnorða). En þótt reynt sé að bera sig vel gera þau ekki annað en staðfesta það að ættarnöfn falla ekki að íslensku málkerfi eins og það hefir lengst af verið. Þau eru miklu fremur eins konar viðbót við það, haga sér eins og sérstakur orðflokkur sem var ekki fyrir í málinu og enginn veit hvornig á að fara með í beygingu. En þetta er andstætt almennri vitund um að ættarnöfn séu nafnorð og verði að haga sér í samræmi við það. Þarna verður því árekstur við málkerfi og málvitund, hvornig sem reynt er að berja í brestina.

Andstaðan við ættarnöfnin er þá ekki eingöngu sprottin af umhyggju fyrir varðveislu þjóðlegs nafnsíðar, heldur á hún rætur í málinu sjálfu. Málið rís gegn þeim. Þau samrýmast ekki eðli þess eða formseiginleikum, þegar á heildina er lítið.

## Kostir ættarnafna

Ætla mætti að þessi rök dygðu til að halda ættarnöfnum frá. En svo er ekki; þau ryðja sér til rúms eigi að síður hvað sem fyrri háttum og formkröfum líður. Þau hljóta því að hafa einhverja þá kosti sem a.m.k. sumir þegnar samfélagsins taka fram yfir annmarkana sem á var bent.

Helstu kostir ættarnafna eru líklega tveir:

1. Mannanöfn gegna því hlutverki „að vera til sem gleggstra auðkenna á mönnum“ (sbr. Alþt. 1971 A, bls. 259–260) eða „glögg og áreiðanleg auðkennning þjóðfélagsþegnanna“ (Alþt. 1955 A, bls. 436). Og ættarnöfn eru óneitanlega gagnleg tæki til „að auðkenna menn, umfram það sem unnt er með eiginnöfnum einum og kenningu til föður“, eins og Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrv. hagstofustjóri, benti á í sérálitni með lagafrumvarpinu 1955 (sjá Alþt. 1955 A, bls. 438). Til þess að tryggja sem besta aðgreiningu vildi hann m.a.s. láta nota bæði föðurnafn og ættarnafn, t.d. *Jón Árnason Briem* (sjá Alþt. 1971 A, bls. 284).

2. Aðalkostur ættarnafna er þó líklega talinn sá, sem nafnið bendir til, að þau greina eina fjölskyldu eða ætt frá annarri og eru eins konar merki hennar eða tákn. Þetta aðgreiningartæki (og ættartákn) er svo mikilsvert í hugum þeirra sem eftir því sækjast að önnur rök verða að víkja, svo sem varðveisla þjóðlegra síða og óbreytts málkerfis. – Á slóðum ættarnafna verða þó mörg villuljósín, t.d. vegna tengda og líkingar með nöfnum, sem falla jafnvel saman í framburði (*Blöndal, Blöndahl*), og í ættum sem nota slík nöfn vill verða mikið um samnefni, svo að aðgreiningarmáttur þeirra hefir líka sínar takmarkanir.

## Mismunun

Eins og rakið hefir verið á löggjöfin þátt

í því að gera ættarnöfnum hærra undir höfði en hinum forna föðurnafnasíð. Það gerir hún með því að leyfa sumum það sem öðrum leyfist ekki, og er þá komið að kjarna þessa máls. Lög nr. 54/1925, sem þjóðin hefir nú búið við í 65 ár, eru sem fyrr sagði gölluð og úrelt í mörgum atriðum, en verst af öllu er þó sú mismunun sem í þeim felst (og einn af fjór- um höfundum þessa frumvarps setti fyrir sig). Lögfest misrétti er alvarlegt mál og hefnir sín fyrr eða síðar.

Í þessu nýja frumvarpi á nú að fram- lengja mistökin frá 1925. Þeir sem hafa þegar fengið ættarnöfn, löglega eða ólöglega, mega halda þeim, en hinir mega ekkert ættarnafn hafa þótt þeir fegnir vildu. Þetta er eins og að umbuna þeim sem lögin hafa brotið, en setja hina hjá, sem löghlýðnir hafa verið. Á þennan hátt er það áfram gert að forréttind- um að hafa ættarnafn. Það er aðalgalli þessa frumvarps.

## Úrkostir

Við setningu laga, sem ætlað er að leysa þann nafngiftarvanda sem þjóðin er komin í, þarf fyrst að gera sér grein fyrir því hverra kosti er völ. Þess vegna þykir rétt að telja þá upp hér eins og þeir blasa við í *megindráttum*. Þá er miðað við að tveimur frumskilyrðum sé fullnægt (einnig í *megindráttum*):

1. Allir mega halda til dauðadags þeim nöfnum sem þeir hafa fengið fyrir gildistöku laganna.
2. Allir skulu hafa jafnan rétt gagnvart ættarnöfnum eftir gildistöku laganna.

Ef gert er ráð fyrir því að auki að enginn beri fleiri en tvö kenninöfn koma 6 kostir til greina. Þá má setja fram í stuttu máli á þessa leið (valfrjálst atriði í svig- um):



- |    |                         |                    |
|----|-------------------------|--------------------|
| 1) | föðurnafn               | 1925, *1990        |
| 2) | föðurnafn (ættarnafn)   |                    |
| 3) | föðurnafn og ættarnafn  |                    |
| 4) | föðurnafn eða ættarnafn | 1913, *1955, *1971 |
| 5) | (föðurnafn) ættarnafn   |                    |
| 6) | ættarnafn               |                    |

Við val á milli kosta ber einkum að hafa þrennt í huga: a) varðveislu þjóðlegra erfða, b) aðgreiningarhlutverk mannanafna, c) hvað er raunhæft. – Loks mætti minna á mannanafnalöggjöf annarra norræna þjóða, á hvern hátt þar er komið til móts við Íslendinga sem til þeirra sækja.

Um fyrsta atriðið (a) getur varla verið ágreiningur. Væntanlega telur löggjafinn sér skylt að hafa í hávegum þá nafnsíði sem fylgt hafa þjóðinni frá upphafi og tryggja þeim þá vernd sem skynsamleg löggjöf getur veitt. Íslendingar halda nú einir þjóða góðri tryggð við þann förna síð að kenna sig við föður eða móður, og fyrir vikið er hann eitt af þjóðareinkennum þeirra.

Fram hjá öðru atriðinu (b) verður ekki gengið heldur því að þar er um að ræða meginhlutverk mannanafna, þ.e. að greina einn mann frá öðrum.

Þriðja atriðið (c) er ekki annað en það sem gildir um alla löggjöf, þ.e. að reyna ekki að koma því í lög sem ætla má að verði virt að vettugi eða ekki unnt að framfylgja.

Eflaust verður að hafa allt þetta hugfast í senn, en Íslensk málnefnd telur að síst megi slá af kröfunni um varðveislu þjóðlegra verðmæta. Minna geri til þó að hinni næstu sé ekki haldið til streitu, og hina þriðju má ekki mikla fyrir sér.

Um einstakar leiðir, sem upp eru taldar hér á undan, skal farið nokkrum orðum.

Þeir þrjú kostir (3., 5. og 6.), sem gera ráð fyrir skyldubundnu ættarnafni, hafa einna síst komið til álita (sjá þó fyrrnefnda grein Guðmundar Kambans í *Skírni* 1908). Málnefndin hyggur að þeir

séu allir óraunhæfir, og verða þeir ekki ræddir frekar hér.

Af þeim þremur, sem þá eru eftir, hefir athyglin nær eingöngu beinst að 1. og 4. leið. Ártölin lengst til hægri gefa vísbendingu um afstöðuna í lögum og lagafrumvörpum. (Um það atriði verður þó að hafa fyrirvara vegna mismununar-ákvæða.) En öðrum kostinum (2.) hefir verið lítil gaumur gefinn (sjá þó sérálit Þorsteins Þorsteinssonar í *Alpt.* 1955 A, bls. 438).

### Bestu kostirnir

Þrjú fyrstu kostirnir eiga það sameiginlegt að lögvernda föðurnafnasiðinn. Fjórði kosturinn gerir það ekki, og þriðji kostur hefir þann annmarka, sem fyrr var nefndur, að lögbinda líka ættarnöfn, en það telur málnefndin óraunhæft.

Föðurnafnasiðurinn styðst ekki aðeins við þau rök að vera þjóðlegur. Ef hann yrði lögfestur myndi sú lagasetning veita aðhald við feðrun barna svo að feður gætu síður skotið sér undan ábyrgð. Þess vegna telur málnefndin að nú eigi að beina athyglinni að 1. og 2. kosti, og skal því farið nokkrum orðum um þá sérstaklega.

Fyrsti kosturinn (1.) er sá sem nú er í lögum og lagður er til í frumvarpinu. Að visu er þar ekki fullnægt þeim skilyrðum um aðlögun og jafnrétti sem nefnd voru hér á undan, en á móti kemur að þessi kostur tryggir að líkindum best framtíð hins þjóðlega nafngiftarsíðar. Til greina kæmi að endurskoða frumvarpið með hliðsjón af jafnréttissjónarmiðinu, t.d. þannig að ættarnöfn yrðu algerlega bönnuð frá einhverjum tilteknum tíma.

Annar kosturinn (2.) er um lögbundið föðurnafn og valfrjálst ættarnafn. Þá er öllum skylt (eftir gildistöku laganna) að kenna sig við föður eða móður. Þeim sem vilja bera ættarnafn að auki yrði það heimilt að fullnægðum tilteknum skilyrðum (líkt og í frumvörpunum 1955 og 1971).

Eins og fyrr var sagt er í þessari umsögn einungis litið á megindrætti. Málnefndinni er ljóst að eftir verða mörg erfið úrlausnarefni þó að önnur hvor þessara síðastnefndu leiða yrði valin. Til dæmis er ekkert sagt með þessu um hvernig fara skal með kenninöfn útlendinga og barna þeirra eða niðja, og gefa þarf gaum að listamannanöfnum svo að þau verði ekki misnotuð.

Málnefndinni er einnig ljóst að með því að velja aðra leiðina (2.) er sú áhætta tekin að allir fari að sækja í ættarnöfn. Sú leið er þó tryggilegri en 4. leiðin sem leyfir frjálst val milli föðurnafns og ættarnafns.

Föðurnafnasiðurinn lifir enn góðu lífi, og þess eru mörg dæmi frá síðustu árum og áratugum að fólk, sem átti þess kost að nota ættarnafn, hefir horfið frá því. Þróunin hefir því ekki verið ættarnöfn-um að öllu leyti í vil. Eflaust hafa lögin frá 1925 haft mikil áhrif í því efni þrátt fyrir allt, en vel má vera að viðhorf og straumar í samfélaginu hafi ráðið ferðinni. Einkum hugsjónir um jafnrétti, og kvenréttindi sérstaklega, auk áhuga á varðveislu þjóðlegra erfða.

### Framkvæmd

Áður en skilist er við kenninöfnin verður að fara nokkrum orðum um framkvæmd laga sem heimila slík nöfn (ef til þess kæmi). Breyting á þessu frumvarpi í þá átt er varhugaverð. Betra væri að semja nýtt frumvarp þar sem allt er miðað við jafnan rétt til nafna. Ef sú jafnréttisleið verður farin og leyfa skal upptöku nýrra ættarnafna eins og í fyrstu manna-

nafnalögunum nr. 41/1913, kallar hún á mikla undirbúnings- og eftirlitsvinnu. Rétt eins og semja verður skrá um lögleg eiginnöfn verður að taka saman skrá yfir ættarnöfn sem leyfileg teldust, bæði þau sem í notkun eru og ný nöfn sem til greina kæmi að taka upp. Þá yrði m.ö.o. að fara að líkt og 1913–1915 eða eins og lagt er til í frumvörpunum 1955 og 1971. Það verkefni er ekki árennilegt með hliðsjón af því sem fyrr var sagt um málfræðilega annmarka ættarnafna og af reynslunni af störfum ættarnafnanefndar og tillögum frá 1915. En undan þeim vanda yrði ekki komist. Þá verður að gera ráð fyrir nokkurra mánaða undirbúningstíma frá setningu laganna til gildistöku þeirra eins og í frumvörpunum 1955 og 1971.

Mannanafnanefnd (sem frumvarpið gerir ráð fyrir) yrði að leggja vandlega niður fyrir sér hvers konar ættarnöfn mætti taka upp. Markmiðið ætti að vera að finna kenninöfn sem unnt er að nota sem ættarnöfn án þess að setja málkerfið úr skordum. Eins og fyrr var drepið á eru í notkun ættarnöfn sem ekki verður fundið að vegna málfræðilegra annmarka. Þar er einkum að nefna nöfn (manna eða stada) sem höfð eru sem eignarfallseinkunn með eigin nafni (*Ragnars, Kaldalóns*). Enn fremur mætti hyggja að nöfnum, sem haga sér líkt og viðurnefni án þess að vera eiginnöfn um leið. Slík nöfn eru líklega fá nú. Hins vegar er eitthvað um ættarnöfn sem einnig eru notuð sem eiginnöfn (*Smári, Þór*), en slíkt er varhugavert (sbr. 2. mgr. 2. gr. frv.).

Erlend ættarnöfn munu áfram leita á með aðkomufólki, sem sækir um íslensk- an ríkisborgararétt, og mun ekki draga úr þeim vanda né öðrum sem tengist vaxandi samskiptum við aðrar þjóðir.

Hér verður ekki frekar rætt um lausn á slíkum vandamálum. Tilgangurinn með þessum hugleiðingum er aðeins sá að

vekja til umhugsunar um það viðfangs-efni sem stjórnvöld standa frammi fyrir ef allir þegar eiga að njóta þeirra sjálf-

sögðu mannréttinda að hafa jafnan rétt til kenninafna.

### III. Ýmis atriði

Þá verður vikið að fáeinum atriðum í einstökum greinum frumvarpsins, flestum lítils háttar.

#### Um 2. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. segir m.a.: „Eiginnafrn má ekki heldur vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama“.

Svipað ákvæði hefir verið í fyrri frumvörpum og lögum, og líklega er nauðsynlegt að hafa eitthvað slíkt til að skirra beinum vandræðum. En erfitt er að fullyrða að nafn geti ekki orðið nafnbera til ama. Sennilega getur hvaða nafn sem er orðið það, t.d. vegna alnafna, sviplkra nafna eða atvika sem ekki verða séð fyrir. Hið gagnstæða getur einnig átt sér stað. Til skamms tíma lágu nöfn ónotuð (jafnvel öldum saman) af því að þau voru talin geta orðið nafnbera til ama, en hafa svo reynst vel, að því er best er vitað, t.d. nöfnin *Hrappur* og *Mörður*. Og kvenmannsnafnið *Gróa* er nú ekki óalgengt þótt það hafi haft misjafnt orð á sér.

Hér er ekki um stórvægilegt atriði að ræða, en til greina kæmi að leita annars orðalags á hinni tilvitnuðu setningu. En þess er líka að gæta að mannanafnanefnd ætti að geta haft nokkjur aðhaldsáhrif í þessu efni (sbr. athugasemd frv. við þessa grein, bls. 13).

#### Um 3. gr.

Til álita kemur að gefa mannanafnaskrá út oftari en greinin gerir ráð fyrir, einkum í fyrstu. Fræðsla um beygingu ætti að fylgja.

#### Um 8. gr.

Hér er þarft ákvæði í 2. mgr. Ef til vill mætti bæta því við að fyrra nafnið, hið íslenska, skuli notað sem aðalnafn og skylt sé að nota það í kenninafni (föðurnafni) ef á það kynni að reyna síðar.

#### Um 9. gr.

Orðalag er sótt í eldri frumvörp, en er ekki nákvæmt. Oftast er maður kenndur þannig við föður að á eftir eiginnafrni (eða eiginnöfnum) kemur nafn föður í eignarfalli að viðbættu orðinu *son* eða *dóttir*. En frá þessu eru margar undantekningar, sumpart vegna þess að fornar eignarfallsmyndir hafa breyst. Til dæmis var nafnið *Sigfús* áður fyrir í eignarfalli *Sigfúss*, en er nú yfirleitt *Sigfúsar*. Alsíða er samt að skrifa *Sigfúsdóttir*, en hvorki *Sigfússdóttir* né *Sigfúsardóttir*. Öll erlend nöfn, sem enda á sérhljóði + s, eru notuð þannig án eignarfallsendingar í kenninöfnum: *Andrésdóttir*, *Filippusdóttir*, *Jónasdóttir*, *Magnúsdóttir* o.s.frv. Hér má líka minna á alkunnan rugling tengdan *Guðmundar*- og *Sigurðar*-nöfnum. Með hliðsjón af þessu væri tryggara að bæta því við að heimilt sé að stýðjast við gróna hefð.

#### Um 12. gr.

Niðurlagsorð 1. mgr. eiga ekki að vera „stjúpföður síns“, heldur *stjúpföður þess*. Orðin „stjúpföður síns“ eru hins vegar rétt í lok næstu línu fyrir neðan.

## IV. Lokaorð

Að lokum skulu dregin fram helstu atriðin sem Íslensk málnefnd leggur áherslu á í þessari umsögn.

1. Sett verði lög um mannanafnaskrá og mannanafnanefnd þegar á þessu þingi þó að ekki takist að koma saman nýrri heildarlöggjöf um mannanöfn. Íslensk málnefnd tilnefni mann og varamann í nefndina.
2. Í nýjum lögum um mannanöfn verði leitast við að tryggja öllum jafnan rétt gagnvart kenninöfnum.
3. Föðurnafnasiðurinn íslenski verði verndaður með lögum þannig að öllum verði skylt að kenna sig við föður eða móður.
4. Gerð verði skrá yfir ættarnöfn í notkun (skv. þjóðskrá) áður en löggjafinn tekur endanlega ákvörðun um afdrif ættarnafna.

Reykjavík 23. nóvember 1990

## Bókun

Á fundi stjórnar Íslenskrar málnefndar 22. nóvember 1990, þar sem umsögn um frumvarp til laga um mannanöfn var rædd, sbr. fundargerð 9/1990, sjá einnig fundargerð 8/1990, lét Þórhallur Vilmundarson bóka að hann væri samþykkuð ákvæði í 9. gr. frumvarpsins: „Óheimilt er að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi“ þar sem hann teldi það ákvæði tryggja best framtíð hins þjóðlega íslenska nafngiftarsíðar.